

enginn ábúandi er á. Kostnaðinn ber að greiða í peningum, eða öðru því, er framkvæmdarstjóri tekur jafngilt. Forgangsrjett eiga menn til vinnu að tiltölu við tillag til jarðabótarinnar. Abúandi skal skyldur að ábyrgjast skilvisa greiðslu á kostnaðarhluta jarðeiganda, enda hafi hann rjett til að ósekju að halda eptir svo miklu af jarðarafgjaldinu, sem kostnaðarauka hans nemur.

Framkvæmdarstjóra skulu úr sýslusjóði greiddar 3 kr. fyrir dag hvern, er hann sakir starfa síns þarf að vera frá heimili sínu.

#### 5. gr.

Þegar jarðabætur þær, er umrædir í samþykkt þessari, eru unnar, skulu ábúendur jarðanna, er samþykktin nær yfir, kosta viðhaldið með jafnri upphæð á hvert jarðarhundrað að f. m., en eigendur kosti viðhald þess, er enginn ábúandi er á. Skal hreppsnefnd Asahrepps sjá um viðhald þeirra og kjósa árlega mann til að hafa framkvæmdir þær á hendi, sem viðhaldið útheimtir, og skal honum eptir reikningi greidd þóknun úr sveitarsjóði fyrir ómak sitt, en senda verður hann hreppsnefndinni skýrslur um það, sem unnið hefir verið að viðhaldinu ár hvert.

Öll hreppsnefndin hefir ábyrgð á, að jarðabótin skemmist eigi sakir hirðuleysis, og getur sýslunefnd komið þeirri ábyrgð fram á hendur henni.

#### 6. gr.

Vanræki framkvæmdarstjóri, aðstoðarmenn hans eða hreppsnefndarmenn skyldur sínar, skulu þeir sekir um 20—100 kr.

Önnur brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 10—100 kr. og renna þær í sýslusjóð.

Þetta er hjær með kunngjört öllum hlutadeigendum til eptirbreytni.

Suðuramtíð, Reykjavík 31. ágúst 1900.

*J. Havsteen.*

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Adalbjargar Ásbjarnardóttur frá Austur-Skálanesi, til fátækra ekkna í Vopnafjarðarhreppi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðgjafanum fyrir Ísland. 20. júní

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá  
fyrir

styrktarsjóð Adalbjargar Ásbjarnardóttur frá Austur-Skálanesi, til fátækra ekkna í Vopnafjarðarhreppi.

73

20. júní

1. gr.

Stofntje sjóðsins er dánargjöf Aðalbjargar Asbjarnardóttur frá Austur-Skálanesi, samkvmt arfleðsluskrá, dags. 24. marz 1896 og endurnýjaðri 22. apríl s. á., að upphæð 192 kr. 13 a. Hreppsnefndin í Vopnafjarðarhreppi hefir á hendi umsjón sjóðsins undir yfirumsjón amtmannsins í Austuramtinu.

2. gr.

Höfuðstól sjóðsins, er aldrei má skerða, skal með vöxtum setja á vöxtu í Söfnunarsjóð Íslands, þar sem hann skal ávaxtast í 50 ár, frá 1. janúar 1897 að telja, til ársloka 1946, en að þeim 50 árum liðnum skal leggja  $\frac{1}{10}$  hluta af hinum árlegu vöxtum sjóðsins, eins og hann þá er orðinn, við höfuðstóliun, en  $\frac{9}{10}$  hlutum þeirra til að styrkja fátæka ekkju í Vopnafjarðarhreppi, eitt ár í senn, eptir þeim reglum, er hjer segir:

- a. Ekkja sú, sem á að geta komið til greina við veitingu styrksins, á að bafa vottorð hreppsnefndarinnar í Vopnafjarðarhreppi, um að hún sje ráðsett og síðsöm kona og fátæk.
- b. Amtmaðurinn yfir Austuramtinu úthlutar styrknum árlega eptir tillögum og uppástungum hreppsnefndarinnar í Vopnafjarðarhreppi.
- c. Styrk má veita sömu ekkjunni fleiri ár í röð eða optar en einu sinni, en ef það skyldi koma fyrir, að engin ekkja væri í hreppnum, sem álitin yrði makleg styrksins, skal leggja alla vextina fyrir það ár við höfuðstólinn.

3. gr.

Hreppsnefndin í Vopnafjarðarhreppi gjörir á hverju ári reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins frá þeim tíma, er úthluta skal vöxtum hans samkvæmt 2. gr., og skal hún við hver árslok senda amtmanninum yfir Austuramtinu reikning þenna með nauðsynlegum skilríkjum.

Amtmaðurinn yfir Norður- og Austuramtinu.

Akureyri, 12. maí 1899.

*Páll Briem.*